

Hegðun eftir litum samkvæmt CAT-kassa, Olweus og
Uppbyggingu

Rauður

Ég ætla að ráða.
Hugsar bara umsjálfan sig.
Árásargjarn, lemur, ógnar, uppnefnir og hræðir.
Grípur frammí, hrópar og hlustar ekki.
Er æstur og með reiðilegt augnaráð.
Ljótt orðbragð.

Notar orð eins og:
Mömmustrákur, hræðslupúki, asni, aumingi

Gulur

Hvað er best fyrir mig, vill setja reglurnar sjálfur.

Er óöruggur með sig.

**Stríðir og hæðist að öðrum, talar illa um aðra,
baktalar og slúðrar.**

Truflar (kennslu)

Leggur í einelti.

Talar niður til fólks, hæðist að öðrum.

Svíkur loforð sín.

Ljótt orðbragð.

Notar orð eins og:

Þú ert asni.

Heldur þú að einhver nenni að hlusta á þig?

Á þetta að vera fyndið?

Finnst þér peysan þín flott?

Grár

**Finnst hann ómögulegur og veit ekki hvað hann vill.
Lætur aðra ráða yfir sér og vill að öllum líki við sig.**

**Tekur þátt í að leggja aðra í einelti, hjálpar ekki
vinum sínum.**

Fer í burtu ef eitthvað kemur uppá.

**Talar lágt, talar illa um sjálfan sig, horfir niður
þegar hann talar.**

Notar orð eins og:

Fyrirgefðu.

Ég vildi að ég væri eins og þú.

Þetta er ekki mér að kenna.

Grænn

Er sáttur við sjálfan sig og þorir að vera hann sjálfur.

Tekur tillit til annarra og finnst hann eiga rétt á að vera öðruvísi en aðrir.

Veit að hann er góður í ýmsu og minna góður í öðru.

**Þorir að segja meiningu sína og sýna tilfinningar.
Skiptir sér af og hjálpar þegar hann sér aðra lagða í einelti.**

**Reynir að vera heiðarlegur og standa við loforð.
Þorir að viðurkenna mistök sín og biðja aðra um hjálp.**

Hlustar á aðra og sýnir virðingu.

Reynir að leysa málin og semja.

Notar orð eins og:

Mér finnst.... Hvað finnst þér?

Mig langar að Hvað langar þig?